

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna  
Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum**

83. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum var haldinn þriðjudaginn 5. apríl 2022. Fundurinn sem er fjarfundur í Teams hófst kl. 13:00.

Á fundinum voru f.h. FT, Sigrún Grendal og Guðbjörg Sigurjónsdóttir. F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Inga Rún Ólafsdóttir, Harpa Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

**1. Hagvaxtarauki**

Í gildandi kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga eru tengiákvæði við lífskjarasamninga á almennum vinnumarkaði um greiðslu hagvaxtarauka. Nú hefur forsendunefnd ASÍ og SA staðfest að hagvaxtarauki að upphæð 10.500 kr. komi á taxtalaun frá 1. apríl og til greiðslu þann 1. maí næstkomandi.

**Niðurstaða:**

Samstarfsnefndin er sammála um að frá 1. apríl bætist hagvaxtaraukinn 10.500 kr. við launatöflur gildandi kjarasamnings aðila. Hagvaxtaraukinn kemur til greiðslu frá og með mánaðarmótum apríl-maí 2022.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 13:30.